

Fimmtudaginn 19. október 1995.

Nr. 168/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni

(Stefán Pálsson hrl.)

Kynferðisbrot. Tilraun. Líkamsárás. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu hefur verið áfrýjað í heild með stefnu 18. maí 1995 að ósk ákærða, sem vísar til a- – c-liðar 147. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 7. gr. laga nr. 37/1994, og einnig af hálfu ákærvaldsins.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að refsing ákærða verði þyngd og fjárhæð miskabóta úr hendi hans ákveðin 1.000.000 króna, svo sem krafist var í ákæru 7. febrúar 1995. Telur ákærvaldið, að staðfesta beri ákvörðun héraðsdóms um sakfellingu og færslu til refsiskvæða vegna þeirrar ákæru.

Ákærði krefst aðallega sýknu af sakargiftum samkvæmt ákæru 7. febrúar 1995, en til vara vægari refsingar og lækkunar miskabóta.

Af hálfu ákærvalds og ákærða er ekki krafist endurskoðunar á niðurstöðum héraðsdóms um sakarefni samkvæmt ákæru 17. janúar 1995.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Leifs Jónssonar læknis 10. október 1995 um heilsufar og hagi kæranda í málinu.

Auk þeirra áverka, sem ákærði bar að morgni 10. júlí 1994 og bentu til nýlegra átaka, fundust ummerki á fötum hans og bifreið, sem gátu komið heim við frásögn kæranda af skiptum þeirra. Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að fallast á þá niðurstöðu dómenda, að ákærði hafi beitt hana líkamlegu ofbeldi með þeim ásetningi að hafa við hana samræði og þannig orðið sekur um tilraun til nauðgunar samkvæmt 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992, sbr. 20. gr. hegningar-

laganna. Jafnframt sé hann sekur um líkamsárás, er varði við 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, og hafi áverkar á kæranda, sem lýst er í ákæru, hlotist af atlögu hans. Með hliðsjón af framburði Arnar Smára Arnaldssonar yfirlæknis og frásögnum af falli kæranda úr bifreið um fjórum vikum fyrr og afleiðingum þess þykir þó varhugavert að telja fyllilega sannað, að sprungur í höfuðkúpu kæranda, sem greindust á röntgenmyndum, stafi frá atlögunni. Verður hún þá ekki metin svo stórfelld, að 2. mgr. 218. gr. eigi við, heldur verður verknaður ákærða að þessu leyti talinn varða við 1. mgr. þeirrar greinar.

Brot ákærða var alvarlegt eigi að síður, og þykja ekki efni til að breyta ákvörðun héraðsdóms um tveggja ára fangelsisrefsingu hans.

Með hliðsjón af þessari niðurstöðu og fram komnum gögnum, þar á meðal fyrrgreindu læknisvottorði, teljast miskabætur til kæranda á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ber ákærða að gjalda þá fjárhæð með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til uppsögudóms þessa og síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem um er mælt í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en skaðabætur.

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, greiði K 500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til uppsögudags dóms þessa og dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 90.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. apríl 1995.

Ár 1995, miðvikudaginn 12. apríl, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara og meðdómsmönnum Allani Vagni Magnússyni og Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómurum, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 80/1995: Ákærvaldið gegn Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, sem tekið var til dóms 27. mars sl.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 17. janúar og 7. febrúar sl., gegn ákærða, Kristni Snæfeld Haukdal Styrmissyni, Hléskógum 6, Reykjavík, fæddum 30. janúar 1958, fæðingarnúmer 625.

Með ákæru, dagsettri 17. janúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum og umferðarlögum, framin árið 1994:

1. Fyrir að aka laugardaginn 18. júní bifreiðinni X-226 undir áhrifum áfengis frá Hlíðarhjalla 73, Kópavogi, út á Álfanes, þar sem lögreglan stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100 gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Að kvöldi þriðjudags 26. júlí eða aðfaranótt næsta dags brotist inn í húsnaði Bílamarkaðarins, Smiðjuvegi 46 E, Kópavogi, og stolið tölvu, tölvuskjá, lyklaborði, tölvumódem, tékka að fjárhæð 8.000 kr. og fjórum bíldekkjum og í heimildarleysi tekið þar bifreið og notað hana til aksturs um götur í Reykjavík, en lögregla hafði uppi á bifreiðinni aðfaranótt miðvikudagsins 27. júlí. Ákærði reyndi árangurslaust að selja tölvubúnaðinn Þorsteini Skúla Ingasyni, kt. 280760-7819, Faxaskjóli 24, Reykjavík.

Telst þjófnatur ákærða aðallega varða við 244. gr., en til vara við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og heimildarlaus taka og akstur bifreiðarinnar við 1. mgr. 259. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 20/1956.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar öku-réttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga“.

Með ákæru, dagsettri 7. febrúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar með því að hafa um miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 10. júlí 1994 við sumarbústað norðan Rauðavatns í Reykjavík veist að K og þröngvað henni til holdlegs samræðis, eftir að hann hafði fellt hana til jarðar, þrengt að hálsi hennar og slegið hana mörg hnefahögg í andlit. Hlaut konan tvær sprungur í höfuðkúpu við vinstra gagnauga, glóðarauga báðum megin auk smærri áverka í andlit og mar á útlími og á bak, og flís brotnaði úr vólubeini í hægri ökkla.

Telst þetta varða við 194. gr. og 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992 og 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst K miskabóta, 1.000.000 króna, auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. júlí 1994 til greiðsludags og að ákærða verði gert að greiða bótaþola málskostnað og vexti af málskostnaði samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991^a.

Málavextir.

Ákæra, dagsett 17. janúar 1995.

Ákæruliður 1.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæruskjali, að því er þennan ákærulið varðar.

Með skýlausri játningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök í þessum ákærulið og réttilega er fært til refsíákvæðis í ákæru, enda mældist magn alkóhóls í blóði ákærða 0,63‰.

Ákæruliður 2.

Þriðjudaginn 26. júlí 1994 kl. 09.14 var lögreglu tilkynnt um innbrot í húsnaði Bílamarkaðarins að Smiðjuvegi 46 E. Kópavogi. Höfðu útidyr verið spenntar upp og bifreiðin PJ 669, sem þar var innan dyra, tekin. Einnig hafði tölvubúnaður horfið, og síðar kom í ljós, að tékka, að fjárhæð 8.000 kr., og fjórum bíldekkjum hafði verið stolið.

Miðvikudaginn 27. júlí 1994 kl. 03.45 var óskað lögregluaðstoðar að Hlíðarhjalla 73 vegna hávaða frá íbúð þar. Höfðu lögreglumenn tal af húsráðanda, Grétari Magnússyni, kt. 041162-2019, sem lofaði að lækka hávaðann. Er lögreglumenn voru á leið frá vettvangi, veittu þeir athygli ofangreindri bifreið, PJ 669, þar sem hún stóð á bifreiðastæði við ofangreint hús. Ætluðu lögreglumenn að færa bifreiðina með kranabifreið, er þeir sáu áður nefndan Grétar ganga að bifreiðinni ásamt kvenmanni. Var Grétar handtekinn, og reyndist hann vera með lykla að bifreiðinni í fórum sínum. Í lögregluskýrslu er bókað, að skömmu áður en lögreglumenn fóru að Hlíðarhjalla 73, hafi þeir hitt ákærða sunnan við hús nr. 67. Kvaðst hann vera að koma frá Grétari og vera á leið til Vals að Marbakkabraut 15, Kópavogi.

Grétar Magnússon var yfirheyrdur hjá RLR daginn eftir, og kvað hann ákærða hafa verið á umræddum bíl. Kvaðst Grétar saklaus af áðurgreindu innbroti og nytjastuldi. Grétar kvaðst ekki muna, hvernig á því stóð, að kveikjúlásslyklar bifreiðarinnar voru í vörslum hans.

Hinn 2. ágúst sl. skýrði Grétar RLR frá því, að einhver karlmaður vestur í bæ, í Sörlaskjólí eða Frostaskjólí, hefði bedið ákærða að útvega sér tölvu.

Hinn 4. ágúst sl. kom Þorsteinn Skúli Ingason, Faxaskjólí 24, á skrifstofu RLR og afhenti þar tölvubúnað þann, er stolið var í áðurgreindu innbroti, og kvaðst hann hafa fengið búnaðinn hjá ákærða fyrir u. þ. b. tíu dögum.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann kannaðist ekki við að hafa brotist inn í húsnæði Bilamarkaðarins. Ákærði kannaðist ekki við að hafa tekið bifreið í heimildarleysi umrætt sinn, en kannaðist við að hafa verið farþegi í bifreið, sem stúlka að nafni Hildur ók, og hefði hún sagt móður sína hafa lánað sér hana.

Ákærði kvaðst kannast við mann, er hétí Þorsteinn Skúli Ingason, og kvaðst hafa átt viðskipti við hann með geisladiska. Ákærði kvaðst hafa kynnst manni, sem var að selja ferðatölvu, og kvaðst hafa kynnt hann fyrir Þorsteini. Kvað ákærði, að rétt hefði verið um kaup á umræddri tölvu, en Þorsteinn síðan ekki getað notað hana. Ákærði kvað Þorstein hafa boðið sig að útvega sér tölvu af Macintosh-gerð með litaskjá. Ákærði kvaðst ekki hafa gert neitt í því og kannaðist ekki við að hafa útvegað Þorsteini tölvu. Ákærði kvað Þorstein hafa talað um, að sér kæmi ekki við, hvernig tölvan væri fengin.

Ákærði kvaðst hafa átt samskipti nokkrum sinnum í fyrra sumar við Þorstein og þá selt honum geisladiska og „kassettur“. Ákærði kvað þessi samskipti hafa verið, áður en hann fór í gæsluvarðhald, en ekkert eftir þann tíma.

Vitnið Grétar Magnússon, kt. 041162-2019, Ránargötu 2, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, eftir að honum hafði verið bent á ákvæði 51. gr. laga um meðferð opinberra mála, að ákærði hefði komið að máli við sig, er þeir voru staddir á skemmtistað í miðborginni, og sagst vera kominn á nýjan bíl. Hefði ákærði boðið vitninu og vinkonu þess far með bifreiðinni, en vinkona vitnisins ók að Hlíðarhjalla í Kópavogi. Kvaðst vitnið hafa ætlað að tala við ákærða og sambýliskonu vitnisins vegna kæru hennar á hendur ákærða um nauðgun. Vitnið kvað sambýliskonuna ekki hafa verið heima, og kvaðst vitnið þá hafa fengið bíllykilinn hjá ákærða og farið út með vinkonu sinni til þess að leita að sambýliskonu sinni. Vitnið kvað ákærða ekki hafa skýrt frá því, hvar hann fékk bifreiðina, en vitninu skildist, að ákærði ætti hana. Vitnið kvaðst ekkert geta borið um áðurgreint innbrot, og þá kvaðst vitnið ekki vita til þess, að ákærði hefði haft þýfi úr því í fórum sín-um. Vitnið kvaðst ekki kannast við Þorstein Skúla Ingason, en vissi til þess, að einhver maður hafði boðið ákærða um að útvega sér tölvur.

Vitnið Þorsteinn Skúli Ingason, kt. 280760-7819, Faxaskjólí 24, Reykjavík, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði kynnst ákærða, sem hafi sýnt áhuga á bókum og geisladiskum, sem vitnið átti. Vitnið kvað ákærða hafa

talað um, að hann gæti selt vitninu geisladiska, og kom hann nokkrum sinn-um og reyndi að selja vitninu, en vitnið kvaðst ekki hafa átt viðskipti við hann. Vitnið kvaðst hafa tjáð ákærða, að það hefði áhuga á að kaupa tölvu af Apple-gerð, og sagðist ákærði geta útvegað hana. Vitnið kvað ákærða eitt sinn hafa komið í heimsókn að nóttu til og sagst vera kominn með tölvu. Vitnið kvaðst hafa farið inn í nýlegan rauðan bíl, sem ákærði var á, og var hann einn á ferð. Vitnið kvaðst hafa séð, að tölvan, sem ákærði var með, hentaði vitninu ekki. Vitnið kvað ákærða þá hafa sagt, að hann þekkti mann, sem ætti tölvu, sem hentaði, og vildi hann fá fé til þess að leysa tölvuna út. Varð að samkomulagi, að ákærði skildi tölvuna og vetrardekk eftir til tryggingar. Kvað vitnið tölvuna síðan hafa verið í vörslum sínum, þar til lögreglan hafði samband við sig og tjáði sér, að um þýfi væri að ræða. Þá kvað vitnið ákærða hafa sýnt sér ávísun, að fjárhæð um 8.000 krónur, er nota átti sem greiðslu fyrir tölvuna, og sýndist vitninu ávísunin vera frá Bílamarkaðnum eða fyrirtæki með svipuðu nafni. Vitnið mundi eftir því, að Grétar Magnússon hefði komið í heimsókn til vitnisins, eftir að tölvan var komin á heimili þess, og kvaðst vitnið hafa beðið Grétar að koma þeim skilaboðum til ákærða að taka tölvuna.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa brotist inn í umrætt fyrirtæki og stolið þar þeim verðmætum, er í ákæru greinir. Þá hefur ákærði ekki kannast við að hafa tekið bifreiðina PJ-669 í heimildarleysi, en kannast við að hafa verið farþegi í henni, og hafi ökumaðurinn, Hildur að nafni, sagt, að móðir sín ætti bifreiðina. Í málinu er upplýst, að Grétar Magnússon hafði kveikjulásslykla bifreiðarinnar í fórum sínum og var á leið í bifreiðina, er hann var handtekinn, en ákærði var fótgangandi og ætlaði annað. Engin vitni eru að samskiptum ákærða og Þorsteins Skúla, og upplýst er, að tölvubúnaðurinn kemur í leitirnar, eftir að Grétar skýrir lögreglu frá því, að karlmaður vestur í bæ hafi beðið ákærða að útvega sér tölvu. Þá ber að hafa í huga, að skömmu áður hafði sambýliskona vitnisins Grétars lagt fram kærú á hendur ákærða fyrir nauðgun og líkamsmeiðingar, og ber að meta framburð vitnisins Grétars með hliðsjón af því.

Þegar framanritað er virt, þykja eigi fram komin næg gögn, er tengi ákærða með ótvíræðum hætti við ofangreindan verknað, og ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvalds, að því er þennan ákærulið varðar.

Ákæra, dagsett 7. febrúar 1995.

Sunnudaginn 10. júlí 1994 kl. 01.37 var óskað lögregluaðstoðar að Reykási 25 hér í borg, en tilkynnt hafði verið um ölvaða konu, sem hefði orðið fyrir líkamsárás. Lögreglumenn fóru á vettvang og höfðu tal af kæranda, K [...].

Kópavogi. Skýrði hún svo frá, að hún hefði komið hlaupandi frá húsi við Rauðavatn, þar sem sér hefði verið misþyrmt með barsmíðum og nauðgun. Kvaðst hún þekkja áráðarmanninn, og í lögregluskýrslu er hann sagður heita Kristján. Kærandi kvað hann vera vin eiginmanns síns, og kvaðst hún hafa lamið og sparkað frá sér og jafnframt klórað áráðarmanninn. Í lögregluskýrslu er bókað, að kærandi hafi verið sokka- og skólaus, klædd í gallabuxur og síðermabol.

Sama dag kl. 06.09 var ákærði handtekinn við norðurhorn Hafnarhússins í Reykjavík, en hann lá sofandi á gangstétt. Lögreglumenn töldu hann talsvert ölvaðan, og var hann færður í fangageymslur. Í lögregluskýrslu er bók- að, að hann hafi verið klæddur svörtum bol með þrykkimyndum, bláum gallabuxum og lopapeysu. Er bókað, að klæðnaður hafi verið allur í lagi.

Kærandi fór á neyðarmóttöku slysadeildar Borgarspítalans kl. 02.08 sama morgun, og tóku þær Valgerður Sigurðardóttir læknir og Ingveldur Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur á móti henni. Meðal gagna málsins er frásögn kæranda af atburðum, skráð af læknum. Þar segir m. a.: „Heimilislaus kunningi eiginmanns konunnar bauð henni upp að Rauðavatni. Þau voru úti undir beru lofti og nýttu áfengis. Hann byrjaði síðan að reyna við hana, en hún kærði sig ekki um það. Þá réðst hann á hana og barði hana margsinnis, náði henni úr öllum fötum nema blússu og nauðgaði henni gegnum leggöng, en náði ekki að fara í endaparm. Hann reyndi m. a. að taka hana kverkataki. Hún barðist á móti og veitti honum einhverja áverka. Hann barði hana margsinnis, sérstaklega í andlit, bæði fyrir og eftir nauðgun, og elti hana um svæðið.“

Samkvæmt ofangreindum gögnum svarar kærandi því játandi á sérstöku skýrsluformi, að samfarir hafi orðið um leggöng, en neitar því, að samfarir hafi orðið um endaparm, telur það hafa verið reynt, en ekki tekist.

Samkvæmt ofangreindum gögnum er ástand kæranda við komu á neyðarmóttökuna lýst svo: „Mjög illa til reika. Lauf og mosi í hári, fót skítug og blússa blóðug. Konan er undir áhrifum áfengis, en alveg skýr og „áttuð“ og gefur greinargóða sögu. Hún er óttaslegin, grátandi, með mikinn skjálfta og hroll, endurtekur sífellt, að hún hafi þurft að berjast fyrir lífi sínu, getur ekki verið ein. Konan sýnir þannig mikil bráðakreppuviðbrögð, en róast þegar líður á skoðun.“

Í niðurstöðum Valgerðar Sigurðardóttur læknis eftir skoðun á kæranda segir svo m. a.: „Hún er mjög bólgin í andliti og með áverka þar, á hálsi, við öxl, handleggjum, fótleggjum, baki og rasskinnum. Hún getur ekki stigið í hægri fót, enda mjög bólgin um ökkla. Allir áverkar eru ferskir og koma heim og saman við frásögn konunnar um mikil átök, barsmíðar og að hún

hafi legið á bakinu úti í náttúrunni. Engir áverkar sjáanlegir á ytri eða innri kynfærum, sæðisfrumur sáust ekki við smásjárskoðun.“

Samkvæmt álitsgerð Gunnlaugs Geirssonar prófessors eftir rannsókn sakargagna, m. a. kynhára, verða ekki greind hár af ætluðum áráðarmanni meðal þess, sem kom frá konunni, né heldur fundust hár af konunni meðal þess, sem sent var frá manninum. Þá var það álit prófessorsins, að ekki hefði fundist nægjanlegt erfðaeefni (DNA) í flikum málsaðila, til þess að unnt væri að beita því til persónukennsla.

Leifur Jónsson læknir skoðaði kæranda kl. 13.30 sama dag, og segir í vottorði hans m. a., að á röntgenmynd af höfði hennar hafi fundist tvær finar sprungur í höfuðkúpu um vinstra gagnauga. Þá hafi flíast úr vólubeini í hægri ökkla. Samantekt læknisins er svohljóðandi: „Áverkar á sjúkl. virðast að aldri og útliti geta samrýmt sögu hennar um líkamsárás. Áverkar á höfði geta samrýmt höfuðhöggum, á hálsi hálstaki, á úlnliðum grip um úlnliði. Mar á herðablöðum og rispur á mjóbaki geta samrýmt því, að sjúkl. hafi legið á hörðu og ósléttu undirlagi svo og rispazt nakin. Ökkla-áverkinn getur samrýmt því, að sjúkl. hafi misstigið sig, til dæmis í átök-um.“

Ákærði var færður til læknisrannsóknar kl. 12.15 sama dag, og í vottorði Leifs Jónssonar læknis er eftirfarandi áverkum ákærða lýst: Mar á vi. gagnauga, rispur á hæ. kinn og enni, rispur beggja megin á hálsi, rispur á mjóbaki, einstaka rispur á hæ. handlegg svo og fleiður með undirliggjandi prota, einstaka rispur svo og þrjú sár á vi. handlegg og fleiður framan á hægri sköflungi.“ Þá segir svo m. a. í vottorði læknisins: „Hér er greinilega um gamla og nýja áverka að ræða. Til eldri áverka má telja fleiður á hæ. sköflungi svo og á hæ. framhandlegg. Enn fremur nokkrar rispur á mjóbaki. Aðrar nefndar rispur svo og sár virðast nýtilkomnar, til dæmis frá síðasta sólarhring. Rispuarnar geta mjög vel samrýmt naglaklóri, og sárin á vi. framhandlegg líkjast engu meir en mannsbiti.“

Ákærða var tekið blóð og þvag til rannsóknar á alkóhóli og lyfjaleifum kl. 12.45 sama dag. Reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,26‰, og magn alkóhóls í þvagi reyndist vera 2,96‰. Þá var það mat Rannsóknastofu í lyfjafræði, að hann hefði jafnframt tekið díazepam og amfetamín, enda þótt magn þessara lyfja í blóði væri mjög lítið. Þá var talið ótvírætt, að hann hefði neytt kannabiss nokkru áður.

Sama dag kl. 17.00 hafði RLR samband við Svend Richter tannlækni, og var hann beðinn um að taka til rannsóknar hugsanleg bitför á ákærða. Tannlæknirinn skoðaði ákærða og tók myndir. Þá tók hann eftirfarandi áverka til sérstakrar rannsóknar, en þeim er svo lýst í skýrslu hans: Áverki

1: Hringlaga áverki á utanverðum hægri framhandlegg. Nokkur þroti og roði til staðar, sem náði 1–2 cm út fyrir áverkann. Áverki 2: Stuttur V-laga áverki á mótum vinstri fram- og upphandleggs. Áverki 3: U-laga áverki nokkru neðar og utar en áverki 2. Áverki 4: Hringlaga áverki á aftanverðum hálsi vinstra megin. Í skýrslu tannlæknisins eru bókaðar skýringar ákærða á áverkunum. Sagði hann áverka nr. 1 vera eftir heitt þúströr, en aðrir áverkar væru vegna vinnu hans við að þurrka fiskhausa.

Tannlæknirinn skoðaði ákærða aftur 13. júlí sl. og myndaði áverkana að nýju, og vildi ákærði þá breyta framburði sínum um tilurð áverkanna. Kvað hann áverka nr. 1 vera brunasár eftir þúströr, áverki nr. 2 væri eftir gaddavír, og áverka nr. 3 hefði hann fengið við fall.

Tannlæknirinn tók mát af tönnum ákærða og kæranda, og segir í skýrslu hans, að við samanburð á myndum af tann-/bitförum og myndum af tönnum eða afsteypum af tönnum sé auðveldast að nota spegilmynd (negatífa mynd) af tönnum til samanburðar eða glæru til að leggja ofan á förin (superimposition).

Það er niðurstaða tannlæknisins, að ofangreindir áverkar séu nýlegir og geti verið innan við sólarhringsgamlir. Því til stuðnings sé, að einstakir staðir innan áverkanna virðast vera á sama sárgræðslustigi.

Lokaniðurstaða Svend Richters tannlæknis er á þá leið, að í ljósi rannsóknar á fjórum framangreindum áverkum ákærða séu yfirgnæfandi líkur til, að áverki 1 sé mannsbit, og nokkrar líkur á, að áverkar 2, 3 og 4 séu það einnig. Þegar tekið er tillit til, hversu margar tennur og margir tannfletir kæranda komi heim og saman við för í áverka 1, telur tannlæknirinn miklar líkur til, að hún hafi veitt honum þá með tönnum sínum. Þá var það mat tannlæknisins, að nokkrar líkur séu til, að hún hafi veitt með tönnum sínum áverka 2 og 3, en afstaða var ekki tekin, hvað varðar áverka 4. Þá var það mat tannlæknisins, að skýring ákærða á tilurð áverkanna væri mjög ósennileg og nánast útilökuð.

Við leit í bifreið ákærða, X-226, 10. júlí sl., þar sem hún var í staði við [...] í Kópavogi, fundust eftirgreindir munir, er kærandi staðfesti, að hún ætti: svartir skór, ljósfjólubláir sokkar, grængráar nærbuxur, órifnar, og nafnsskírteini.

Ofangreind bifreið var enn skoduð 26. júlí sl., og kom þá í ljós, að útblásturskerfi hennar var mjög lélegt, og hafði bindivír eða suðuvír verið vafinn um hljóðdeyfinn og upp í botn yfirbyggingarinnar.

Framburður ákærða og vitna.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði síðastliðið sumar búið um tíma að [...] ásamt M og kæranda, eftir að hann hafði misst húsnæði

sitt. Ákærði kvað þau um miðjan júní í fyrra hafa farið á bifreið ákærða í hringferð um landið, og kvað ákærði það þá hafa gerst, að kærandi henti sér út úr bifreiðinni og meiddist á fæti og höfði.

Ákærði skýrði þannig frá atburðum 9. júlí sl., að hann ásamt M og kæranda hefði farið suður í Hafnarfjörð fyrir hádegi, að því er ákærða minnti, og keypt þar vodka af rússneskum sjómönnum. Ákærði kvaðst hafa verið að aka frá bryggjunni í Hafnarfirði, þegar púströr datt undan bifreið hans. Ákærði kvaðst hafa skriðið undir bifreiðina til að festa púströrið og þá hafa brennt sig á hægri upphandlegg. Ákærði kvaðst hafa tjáð M, að hann hefði brennt sig, og sagði ákærði, að bæði M og kærandi hefðu séð áverkann.

Ákærði kvaðst eftir þetta hafa komið við á pústþjónustu til að fá lagfæringu á pústkerfinu. Ákærði kvað ekki hafa verið gert við pústkerfið, enda kvaðst hann ekki hafa átt fyrir viðgerð. Ákærða minnti, að þau hefðu síðan farið í tívolíð á hafnarbakkanum í Reykjavík, en kvaðst ekki geta fullyrt það. Ákærði kvað þau hafa komið að [...] um kvöldið, en ákærði kvaðst ekki vita hvenær. Ákærði kvaðst hafa hafið neyslu áfengis þá, en ekkert hafa drukkið, meðan hann ók bifreiðinni. Ákærði kvað þau öll hafa sofnað fljótlega, en ákærði kvaðst hafa vaknað, og jafnframt vaknaði kærandi, en M svaf áfram. Ákærði kvaðst hafa ætlað niður í bæ, og vildi kærandi fara með, en ákærði sagði henni, að það væri ekki hægt. Ákærði kvaðst hafa farið einn í leigubíl niður í bæ og farið í tívolíð, en ákærði kvaðst ekki muna, hvað klukkan var þá, en taldi, að komið hefði verið að lokun. Ákærði kvaðst síðan hafa gengið um bæinn, farið inn á nokkra „pöbba“, t. d. Skipper, Hafnarkrána og Ölkjallarann. Ákærði kvaðst hafa lent í átökum og fengið áverka við það, m. a. á hálsi. Þá kvaðst ákærði hafa ætlað að brjótast inn, en fengið áverka við það á vinstri hönd eftir gaddavir og hætt við innbrotið. Ákærði kvaðst síðan ekkert vita, fyrr en hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa farið með kæranda í bifreið að Rauðavatni.

Ákærði kvað kæranda oftast hafa verið með fót með sér í bifreiðinni til skiptanna og tók fram, að hann varð ekki var við neitt, sem tilheyrði kæranda, í bifreiðinni, þegar hann lagði henni við [...] um kvöldið.

Ákærði gaf þær skýringar á rispum á baki sínu, sem sjást á mynd nr. 12, að þær væru vegna trjárúnna, er hann var í innbroti skömmu fyrir umræddan laugardag.

Ákærði kannaðist ekki við, að áverkar á handleggjum sér væru tannaför, og gaf eftirfarandi skýringar á áverkum nr. 1–4, sem um er getið í skýrslu Svend Richters tannlæknis: Ákærði kvað áverka nr. 1 vera brunasár vegna

púströrs. Ákærði kvað áverka nr. 2 vera eftir gaddavír. Ákærði kvað áverka nr. 3 sennilega vera eftir viðgerð á pústkerfi bifreiðar, og loks kvað ákærði áverka nr. 4 vera eftir áflog í bænum. Ákærði kannaðist við að hafa tjáð tannlækninum, að aðrir áverkar en áverki nr. 1 væru vegna vinnu sinnar við að þurrka fiskhousa, og kvaðst hann þá hafa átt við smærri áverka, sem sjást á myndunum.

Ákærða var sýnd mynd nr. 8 á skjali V, sem er nærmynd af höfði ákærða vinstra megin. Ákærði kvað áverka á vinstra gagnauga vera vegna höggs, sem hann fékk árið 1993, og þá kvað ákærði. að hann hefði fengið högg á þennan stað umræddan laugardag. Þá kvað ákærði áverka á enni vera eftir barefli og hafa komið umræddan laugardag.

Ákærði kvaðst ekki hafa skýrt frá því áður hjá lögreglu, að hann hefði sagt M og kæranda frá brunasárinu.

Ákærði kvaðst hafa reynt að finna vitni, sem gætu staðfest, að hann hefði verið í bænum á þeim tíma, sem hann segir, en kvað sér ekki hafa tekist það, enda ekki vita nöfn þeirra. Ákærði kvaðst hafa tjáð lögreglumanninum við yfirheyrslu, að hann hefði verið á „þöbbarölti“.

Ákærði kannaðist við að hafa lent í áflogum umrætt sinn við 2–3 menn, hvern í sínu lagi, en ákærði kvaðst ekki þekkja þá. Ákærði kvað ekki koma til greina, að hann hefði fengið bitsár í átökum við þessa menn.

Ákærða virtist kærandi hafa náð sér eftir áverkana, sem hún fékk í hringferðinni, en hún hafi verið nokkuð aum á eftir, og þá kvartaði hún um höfuðverk.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa ekið að Rauðavatni laugardaginn 9. júlí sl., kvað þau hafa haldið sig á „Stór-Reykjavíkursvæðinu“.

Ákærði kvaðst, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, hafa bent rannsóknaraðilum á fólk, sem hann taldi, að gæti borið um ferðir sínar umræddan laugardag.

Kærandi skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hefði ásamt ákærða og samþýlismanni sínum, M, farið í bíltúr í bifreið ákærða umræddan laugardag og þau ekið um bæinn og meðal annars farið í Hafnarfjörð, þar sem ákærði keypti áfengi í skipi. Kærandi kvað ákærða ekki hafa lent í vandræðum með pústkerfi bifreiðar sinnar og ákærði ekki talað um, að hann hefði brennt sig við að festa pústkerfið. Kærandi kvað þau hafa farið í tívolfið í Reykjavík um kvöldið og síðan heim til kæranda og M [...]. Kærandi kvað M hafa farið að sofa, en ákærða talað um, að þau færu í bíltúr, og samþykkti kærandi það. Kærandi kvaðst hafa neytt áfengis, en gerði sér ekki grein fyrir, hversu mikið. Kærandi kvað þau hafa farið í bifreið ákærða út fyrir bæinn og taldi, að þau hefðu farið að sumarbústað við Rauðavatn.

Kvað hún þau hafa lagst í grasið, en veður var hlýtt og gott. Kvaðst hún hafa spurt ákærða, hvort ekki væri gott að vera til og liggja alsæll með glasið sitt. Kærandi kvað ákærða hafa viljað kyssa sig, en hún kvaðst ekki hafa viljað það og tjáð honum það og sagt honum, að þetta gengi aldrei upp. Kvað hún ákærða hafa lagst ofan á sig, og kvaðst hún hafa beðið hann að hætta. Hann hefði síðan haldið höndum hennar niðri og rífið hana úr buxum og lagst ofan á hana. Hefði hann setið á maga hennar og slegið hana í andlitið. Kærandi kvaðst hafa reynt að ýta honum af sér, en það ekki tekist. Ákærði hefði síðan tekið um höfuð kærandi og slegið því hvað eftir annað í jörðina, og kvaðst hún hafa heyrt bein í höfði sér brotna. Þá hefði hann tekið um háls henni og haldið í hár hennar og sagt: „Ef þú liggur ekki kyrr, drep ég þig!“ Er kærandi var yfirheyrð hjá lögreglu, minntist hún ekki á þessi ummæli ákærða, en kvað hann hafa sagt sér að þegja, en hún myndi ekki, hvort hann hótaði henni líkamsmeiðingum eða dauða. Kærandi kvaðst fyrir dómi ekki geta skýrt þetta misræmi. Kærandi kvaðst eftir þetta hafa sparkað ákærða af sér og hlaupið buxnalaus í burtu. Hún kvaðst þó hafa komið aftur á sama stað og þá fundið buxur sínar og farið í þær. Kærandi kvað ákærða hafa náð sér, og þá hafi honum tekist að hafa samfarir við sig, er hún lá á bakinu, og lýsti hún því þannig, að ákærði hefði spurt hana, er hann setti lim sinn inn í leggöng hennar, hvort ekki væri yndislegt að fá hann inn. Kærandi kvað sér hafa tekist að ná ákærða af sér, en samfarirnar hefðu staðið í u. þ. b. eina mínútu. Kvaðst kærandi hafa bitið ákærða, þar sem hún náði til, a. m. k. tvisvar, en ekki gert sér grein fyrir, hvar hún beit hann. Þá kvaðst hún hafa klórað hann. Kærandi kvað ákærða ekki hafa farið úr buxum sínum. Kærandi kvaðst síðan hafa hlaupið á brott og í íbúðahverfi, þar sem hún hitti fólk og bað um aðstoð. Kærandi kvaðst ekki hafa farið inn í bifreið ákærða, eftir að þetta gerðist. Kærandi hafði ekki aðrar skýringar á því, að nærbuxur hennar, skór, sokkar og nafnskírteini fundust í bifreið ákærða, en þær, að ákærði hefði safnað því saman og sett í bifreiðina. Kærandi neitaði því að hafa geymt föt af sér til skiptanna í bifreið ákærða.

Kærandi kvað ákærða hafa búið á heimili þeirra M um tíma, og þá kvað kærandi þau hafa farið hringferð um landið fyrr um sumarið. Kærandi kvaðst hafa orðið fyrir meiðslum í ferðinni og hafa beðið um, að bifreiðin yrði stöðvuð, en þegar því var ekki sinnt, kvaðst hún hafa stokkið út úr bifreiðinni, meðan hún var á ferð. Kvaðst hún hafa meiðst aðeins á fæti við það, en jafnað sig fljótlega. Þá kvaðst hún hafa meitt sig á höfði vinstra megin og fengið smávægilegan heilahristing, en jafnað sig á viku til tíu dögum.

Kærandi vann að loknum lögmætum undirbúningi eið að framburði sínum.

Vitnið M skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði tekið ákærða inn á heimili sitt að [...] um mánaðamót júní/júlí, en hann var atvinnulaus og hús-næðislaus. Vitninu virtist ákærði vera í lagi, og ákváðu þau kærandi að taka ákærða inn á heimili sitt. Þá kvaðst vitnið hafa útvegað ákærða vinnu við að þurrka þorskhausa. Vitnið kvað þau hafa farið í bíltúr í bifreið ákærða umræddan laugardag, m. a. í Hafnarfjörð, og keypti ákærði þar áfengi af rússneskum sjómönnum. Vitnið kvað þau hafa verið saman allan daginn. Vitnið kvað ákærða ekki hafa reynt að gera við pústkerfi bifreiðarinnar, og ekki hafi hann farið á verkstæði þeirra erinda. Vitnið kvað þau sennilega hafa farið í tívolúð þennan dag, en mundi ekki eftir því, að þau hefðu farið á skemmtistað um kvöldið. Vitnið kvað þau hafa farið heim að [...], og neyttu þau áfengis þar. Vitnið kvaðst hafa farið að sofa um miðnætti og ekkert hafa orðið vart við ákærða og kæranda. Vitnið kvaðst hafa vaknað um núleystið morguninn eftir, og var þá enginn heima, en bifreið ákærða stóð fyrir utan. Vitnið kvað lögreglu hafa skömmu síðar haft samband við sig, og fór hann þá á Borgarspítalann, þar sem honum var tjáð, hvað hefði gerst. Vitnið kvaðst ekki hafa trúað því á ákærða, að hann hefði verið þarna að verki. Vitnið lýsti ferðalagi, sem þau fóru á bifreið ákærða fyrir um sumarið, og kvað vitnið kæranda hafa hoppað út úr bifreiðinni og snúið sig á ökkla, en kvað hana ekki hafa slasast á höfði, a. m. k. ekki haft orð á því. Vitnið kvaðst hafa fengið teygjubindi og valið um ökkla kæranda, en lækniir skoðaði hana ekki. Vitnið kvað kæranda hafa jafnað sig fljótlega af fótarmeininu. Ekki kvaðst vitnið hafa séð áverka á ákærða laugardaginn 9. júlí sl. og kannaðist ekki við, að kærandi hefði haft með sér fót til skipta í bifreið ákærða.

Vitnið Nína Björg Sigurðardóttir, kt. 110369-4769, Reykási 25 hér í borg, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði verið statt á heimili sínu, er það sá einhvern koma skrifaðandi yfir götuna við Rauðavatn. Vitnið kvað þarna hafa verið um konu að ræða, sem bað um hjálp og skýrði svo frá, að búið væri að fótbrjóta sig, skemma á sér andlitið og búið eða reynt hefði verið að nauðga sér. Kvað vitnið hana hafa talað um, að vinur manns hennar hefði verið þarna að verki. Vitnið kvað konuna hafa verið í miklu uppnámi, og var lögregla síðan kvædd á vettvang.

Vitnið Flóvent Sigurðsson, kt. 060868-4339, Reykási 25, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði umrætt sinn séð stúlku á túninu fyrir neðan húsin við Reykás. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa séð hana liggja fyrir neðan svalirnar illa til reika og þá hafa verið hringt á lögreglu. Vitnið kvað stúlk-

una hafa talað um, að reynt hefði verið eða búið að nauðga sér, og hefði hún talað um, að hún hefði farið í bíltúr með kunningja manns síns. Vitnið kvað að öðru leyti hafa verið erfitt að henda reiður á framburði hennar.

Vitnið Ásgeir Þór Davíðsson, kt. 250150-4909, Suðurhvammi 7, Hafnarfirði, skýrði svo frá fyrir dómi, að það ræki veitingastaðinn Hafnarkrána, Hafnarstræti 9. Kvaðst vitnið kannast við ákærða, en mundi ekki nákvæmlega um ferðir ákærða laugardaginn 9. júlí sl. Vitnið kannaðist við, að ákærði hefði verið settur í aðgöngubann um svipað leyti, vegna þess að hann var grunaður um að hafa stolið veski af manni á veitingastaðnum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða í nokkurn tíma, eftir að hann var settur í aðgöngubannið.

Vitnið Gunnlaugur Björn Geirsson, kt. 300140-3279, prófessor í réttarlæknisfræði, kom fyrir dóm og staðfesti, að þau réttarlæknisfræðilegu sýni, er fundust og vitnið rannsakaði, hefðu ekki nægt til að tengja saman ákærða og kæranda. Vitnið skoðaði í dóminum mynd af áverka nr. 1 í skýrslu Svend Richters tannlæknis og taldi afar ólíklegt, að um brunasár væri að ræða, en blöðrumyndun fylgir yfirleitt slíkum sárnum. Vitnið gaf sama svar um mynd af áverka nr. 3. Þá kvað vitnið frekar ólíklegt, að sár nr. 2 í ofangreindri skýrslu væri eftir gaddavír. Vitninu virtist vera um nýlega áverka að ræða, eins til tveggja sólarhringa. Vitnið sá myndir af áverkum á baki ákærða í dóminum og kvað um rispur eða klór að ræða, sem gætu stafað af runnagróðri.

Vitnið Svend Richter tannlæknir, kt. 290847-4789, kom fyrir dóm og staðfesti ofangreinda rannsókn á tannaförum. Vitnið kvaðst hafa lagt rannsókn sína fyrir þrjá erlenda sérfræðinga, er það var statt í Noregi í ágústmánuði sl. Kvaðst vitnið hafa fengið athugasemdir frá þeim, og væru þær hluti af niðurstöðum vitnisins. Vitnið kvaðst við rannsókn sína hafa haft til hliðsjónar framburð kæranda og ákærða, en kvað niðurstöður sínar byggðar á læknisfræðilegu mati á áverkunum.

Vitnið Leifur Jónsson, kt. 180833-4719, læknir kom fyrir dóm og staðfesti læknisvottorð þau, er það gaf vegna máls þessa. Vitnið skoðaði mynd af áverka nr. 1 í skýrslu Svend Richters tannlæknis og sagði þar ekki um brunasár að ræða. Væri um brunasár að ræða, væri umrætt sár kallað þriðju gráðu brunasár, en slíkt sár er aldrei afmarkað eins og þetta sár, því að utan um það myndi vera annarrar gráðu sár og þar fyrir utan fyrstu gráðu brunasár.

Vitnið Örn Smári Arnaldsson, kt. 180437-7119, yfirlæknir á röntgendeild Borgarspítala, skýrði svo frá fyrir dómi, að það hefði skoðað röntgenmyndir af höfði kæranda og ekki unnt að greina á þeim, hvort um nýjar sprungur

á höfuðkúpu hennar væri að ræða eða mánaðargamlar. Vitnið kvað hið sama gilda um brot á ökkla kæranda. Þá kvað vitnið ósennilegt, að sá, sem fengið hefði slíkan höfuðáverka fjórum vikum fyrr, hefði ekki leitað læknis, og ósennilegt, að sá, sem verði fyrir höfuðkúpubroti, heyri beinið bresta. Vitnið kvað sprungu í höfuðkúpu vera hið sama og höfuðkúpubrot.

Einnig komu rannsóknarlögreglumennirnir Óskar Þór Sigurðsson og Kristján Hallgrímur Kristjánsson fyrir dóm og staðfestu rannsóknargögn.

Niðurstaða.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins neitað því að hafa farið í ökuferð með kæranda að Rauðavatni og þröngvað henni til holdlegs samræðis né veitt henni líkamsáverka, eins og honum er gefið að sök. Ákærði hefur kannast við að hafa verið með kæranda og sambýlismanni hennar í bifreið sinni laugardaginn 9. júlí sl. og þá hlotið brunaáverka, sem merktur hefur verið nr. 1 í rannsókn Svend Richters á tannaförum, við það að lagfæra pústkerfi bifreiðar sinnar. Ákærði kvað þau hafa farið að þáverandi heimili þeirra að [...] um kvöldið. Kvaðst ákærði hafa eftir áfengisneyslu þar farið einn í leigubifreið niður í bæ og inn á ýmsa veitingastaði og jafnframt lent í átökum við menn. Þá kvaðst ákærði hafa ætlað að brjótast inn, en fengið áverka á handlegg eftir gaddavír og því hætt við innbrotið. Fer síðan ekki sögum af ferðum ákærða, fyrr en lögreglan vekur hann við Hafnarhúsið kl. 6.09 um morguninn.

Vitnin Nína Björg og Flóvent hafa lýst mikilli geðshræringu kæranda, er hún kom að húsunum við Reykás. Þá hafa verið lögð fram ýtarleg gögn frá neyðarmóttöku Borgarspítalans, þar sem fram kemur m. a. lýsing á ástandi kæranda og frásögn hennar af atburðum. Þá hefur kærandi verið staðföst í framburði sínum um atvik málsins og eiðfest hann fyrir dómi, en þó ber að hafa í huga, að kærandi lýsir því fyrst, er hún kemur fyrir dóm, að ákærði hafi hótað að drepa hana, ef hún væri ekki kyrr. Þá ber að líta til þess, að engir áverkar eru sjáanlegir á kynfærum kæranda, sæðisfrumur finnast ekki við skoðun og engin kynhár finnast, sem tengja ákærða við kæranda.

Telja verður skýringar ákærða á tilurð áverka sinna ótrúverðugar í ljósi þeirra sérfræðigagna, er lögð hafa verið fram í máli þessu. Þegar rannsókn Svend Richters tannlæknis á tannaförum er virt svo og önnur sérfræðigögn, verður að telja nægilega sannað, að áverki, sem merktur hefur verið nr. 1, sé mannabit, og þá telst með sömu rökum nægilega sannað, að kærandi hafi veitt ákærða þennan áverka.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómsins, að ákærði hafi farið með kæranda að Rauðavatni og veitt henni þá líkamsáverka, er lýst er í

kæru. Þegar höfð er hliðsjón af framburði vitnisins M um það, hvernig kærandi náði sér af fótarmeini sínu, og framburði læknisins Arnar Smára um höfuðáverka kæranda, þykir í þessu sambandi ekki skipta máli, hvort kærandi hafi hlotið áverka á höfði og fæti við fall úr bifreið nokkrum vikum áður. Þykir ákærði bera fulla ábyrgð á þeim áverkum, er greindust á kæranda. Samkvæmt sérfræðigögnum var atлага ákærða og áverkarnir slíkir, að brot hans varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Þegar gögn máls þessa eru virt, sérstaklega þær staðreyndir, að engi áverkar eru sjáanlegir á kynfærum kæranda, sæðisfrumur finnast ekki við skoðun og engin kynhár finnast, sem tengja ákærða við kæranda, verður að telja ósannað, að ákærða hafi tekist að hafa samfarir við kæranda. Hins vegar verður að telja sannað með framangreindum gögnum málsins, að með ákærða hafi búið sá ásetningur að hafa samræði við kæranda, og þykir hann með atlögu sinni að henni hafa sýnt þann ásetning í verki. Telst ákærði því sannur að sök um tilraun til nauðgunar samkvæmt 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Sakfelling, viðurlög.

Samkvæmt sakavottorði ákærða á hann verulegan sakaferil að baki. Ákærði hefur frá árinu 1975 hlotið 27 refsíðoma fyrir ýmis brot gegn almennum hegningarlögum og umferðarlögum, aðallega skjalafals, þjófnað, fjársvik og ölvunarakstur. Nemur samanlögð óskilorðsbundin refsivist hans nú rétt tæpum sex árum, en ákærði hlaut síðast dóm árið 1990. Auk þessa hefur ákærði nokkrum sinnum sæst á sektargreiðslur fyrir ýmis brot. Ákærða var veitt heimild til ökuleyfis að nýju 15. mars 1993, en var síðast dæmdur fyrir ölvunarakstur 14. mars 1988.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af málavöxtum öllum hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsivistinni ber að draga sextán daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Þá ber að svipta ákærða ökurétti, eins og krafist er í ákæru, dagsettri 17. janúar sl., og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem ákærði var síðast dæmdur fyrir ölvunarakstur árið 1988, eru ítrekunaráhrif fyrri brota fallin niður, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökurétti í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Skaðabætur.

Hrefna Friðriksdóttir hdl. hefur fyrir hönd kæranda krafist 1.000.000 króna miskabóta úr hendi ákærða auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga og lögmannskostnaðar samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991 ásamt vöxtum og virðisaukaskatti. Við flutning málsins skýrði talsmaður-

inn, sem var viðstaddur alla aðalmeðferð málsins, málskostnaðarkröfuna þannig, að krafist væri greiðslu á 124.500 kr. úr hendi ákærða, og sé virðisaukaskattur innifalinn í þeirri fjárhæð. Til vara var krafist greiðslu á lögmannskostnaði að mati dómsins.

Með vísan til 26. gr. skaðabótalaga ber að dæma ákærða til að greiða kæranda 700.000 kr. í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 10. júlí 1994 til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðikostnaðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 150.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gunnarssonar hdl., 250.000 krónur.

Guðjón Magnússon fulltrúi flutti mál þetta af hálfu ákæruvalds.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Snæfeld Haukdal Styrmisson, sæti fangelsi í tvö ár.

Frá refsivistinni skal draga sextán daga gæsluvarðhald.

Ákærði skal sviptur ökurétti í einn mánuð frá birtingu dómsins að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði K 700.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 10. júlí til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð, 150.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Einars Gunnarssonar hdl., 250.000 krónur.